

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 8. september 2020
UST202001-415/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.6.2020, hjá Arnarlax hf.


Þann 25. og 29. júní sl. fór fram eftirlit í Arnarlax hf. Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Vöktunarmælingar skulu vera gerðar í samræmi við áætlun sem rekstraraðili leggur fram. Vöktunaráætlun kveður á um sjósýnatöku við vöktun við hámarkslífmassa en ekki voru tekin sjósýni við sýnatöku Hringsdal 2019.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30.9.2020.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur



Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arnarlax hf.	25. og 29. júní	Arnarfjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
580310-0600	15.02.2032	Já	Sjókvíaelði, allt að 10.000 tonnum af laxi.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			<p>Ársframleiðsla 2019 var upb. 11,7 þús tonn. Ársframleiðsla skv. leyfi skal vera undir 10 þúsund tonnum en framleiðslan er undir 10 þús tonn fyrir meðaltal 2017-2019 ef miðað er við kynslóðaskipt eldi.</p> <p>Framleiðsla sjókvíaelðissvæðis A, Haganes og Steinanes var um 10,7 þús tonn á árinu 2019. Kynslóðin var sett út 2017 og meðaltal 2017-2019 er undir 5 þús tonna hámarki leyfis.</p> <p>Miðað við mánaðalegar lífmassatölur var lífmassi undir 10 þús tonnum allt árið 2019.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Fóðurprammar eru fluttir á milli sjókvíaelðissvæða og prammi kemur frá Eyri í Patreksfirði. Nýr prammi kemur á næsta ári.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar og eftirlit er mjög gott.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Var skilað í grænu bókhaldi 30. apríl en skilað aftur uppfærðu í maí ásamt frekara ársyfirliti að ósk eftirlitsaðila. Vöktunarskýrslu með samantekt mælinga 2019 var einnig skilað.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi var skilað 30. apríl og útstreymisbókhaldi 27. febrúar.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			<p>Áhættumat á grundvelli laga 33/2004 var uppfært í kjölfar seinasta eftirlits. Einungis eru þó tilteknar starfstöðvar Hringsdalur og Tjaldanes, en nú þegar Haganes og Steinanes eru komin í notkun óskar eftirlitsaðili eftir því að áhættumatið verði uppfært m.t.t. þess eftir því sem á við.</p> <p>Eftirlitsaðili óskar einnig eftir því að viðbragðsáætlun vegna grútar-mengunar verði send stofnuninni. Viðbragðsáætlun vegna olíumengunar liggur fyrir.</p>
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Uppfærð neyðaráætlun v. rekstrarstöðvunar barst í kjölfar seinasta eftirlits. Þar sem meltutankar á starfssvæði Arnarlax í Bíldudalshöfn hefur verið tekið í notkun óskar eftirlitsaðili eftir því að áætlunin verði uppfærð eftir því sem við á.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Í lagi.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðurprammar og fódur stjórnað handvirkt með myndavélum frá höfuðstöðvum á Bíldudal.
Er skráning á losun fósífrós og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X		X	<p>Reiknað út frá fódurnotkun og skilað í ársyfirliti. Vel innan við mörk leyfis sem er 20 kg/tonn framleidds fiskjar.</p> <p>Hefur ekki verið mælt í sjósýnum síðan 2018 við Haganes og Steinanes þrátt fyrir að vöktunaráætlanir kveði á um að það</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

				sé gert við hámarkslífmassa og hefði því átt að vera mælt við Hringsdal í hámarkslífmassasýnatöku nóvember 2019.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Með myndavélum við fóðrun. Ekki sást þörungablómi né mikið af fugli við nágrenni kvía að Tjaldanesi.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Þegar vettvangsheimsóknin fór fram var fiskur í 10 kvíum í Tjaldanesi og byrjað var að setja upp kvíar og fiskur var settur í fyrstu kví við Steinanes 15. júní sl.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Áætlað er að byrja að slátra úr Tjaldanesi í lok september, kynslóð sem var sett út seinasta sumar. Klárað var að slátra up úr Haganesi í febrúar 2019 og Steinanesi í lok nóvember 2019. Áætlað var að setja um 3,9 milljón seiði út á svæðin í sumar. Áætlað var að sett yrði í 14 kvíar samtals við Steinanes og útsetningu yrði lokið um miðjan júlí og setja átti út í 15 kvíar við Haganes.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?	X			Súrefni, hiti og selta var mælt af Náttúrustofu Vestfjarða fyrir Arnarlax á árinu.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Meltutankur er um borð á fódurpramma við Tjaldanes og afföll sett þangað. Slóg frá vinnslu og dauðfiskur frá öðrum eldisstöðvum þar sem ekki er meltutankur um borð á pramma fara meltukerfi á landi, sem stendur á hafnarsvæðinu. Arctic Protein (Hordafor) tekur svo meltuna. Vegna veðurs urðu aðstæður í kvíum við Hringsdal slíkar að massadauði varð eftir áramót og afföll voru u.þ.b. 1000 tonn. Slátra tókst rúmum 4 þúsund tonnum. Eitthvað bar á grútarmengun vegna

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

				fiskidauðans og óskar stofnunin eftir því að viðbragðsáætlun v. grútarmengunar verði bætt við mengunarviðbragðsáætlanir rekstraraðila Terra tekur annan úrgang.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Umhverfissvöktun er í samræmi við vöktunaráætlun sem skilað var inn eftir seinasta eftirlit að undanskildu því að ekki voru tekin sjósýni við hámarkslífmassa í Hringsdal. Kopar var mældur.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	X			Vöktunarskýrslum hefur verið skilað jafnóðum og ársskýrslu fyrir 1. maí. Mælingar 2019 voru við Tjaldanes fyrir útsetningu og við hámarkslífmassa Hringsdal.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Við hámarkslífmassa Tjaldanesi haust 2020. Þar á eftir fyrir næstu útsetningu í Hringsdal og við hámarkslífmassa í Steinanesi og Haganesi.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávik komu fram við eftirlit 2019 er varða vöktunaráætlun sem og áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Samantekt:	<p>Eitt nýtt frávik kom fram við eftirlitið er snýr að vöktun, en ábendingar eru gerðar er varða, skráningar, vöktunaráætlun, neyðaráætlun og meðhöndlun úrgangs.</p> <p>Farið var í vettvangsferð út að kvíum 25. júní sl. og farið yfir gögn og áætlanir á fjarfundi þann 29. júní.</p> <p>Eldi fer fram við Tjaldaneseyrar og þegar vettvangsferðin fór fram var einnig byrjað að setja út í eldissvæði Steinanes og til stóð að setja út í Haganes þegar liði á sumarið. Önnur svæði sem falla undir þetta starfsleyfi eru ekki í notkun.</p> <p>Sjósýni við hámarkslífmassa voru ekki tekin 2019, en slíkt skal gera skv. þeirri vöktunaráætlun sem send var inn í nóvember 2019. Stofnunin hefur kallað eftir uppfærslum á vöktunaráætlun vegna ýmissa atriða seinustu ár, en í öllum útgáfum sem eftirlitsaðili hefur undir höndum frá 2015 hefur verið kveðið á um sjósýnatöku við hámarkslífmassa. Frávik þess efnis er því skráð.</p>
-------------------	---

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

	<p>Fjórar ábendingar komu fram við eftirlitið sem snúa að, skráningu lyfjanoðkunar, uppfærslu vöktunaráætlunar, viðbót við viðbragðsáætlun v. mengunaráhappa og meðhöndlun dauðfisks.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að auk Slice, sem var notað gegn lúsum á árinu 2019, var Alphamax einnig notað. Ábending er gerð m.t.t. þess að magn Alphamax sé ekki tekið fram í ársyfirliti/grænu bókhaldi ársins 2019.</p> <p>Umhverfisstofnun óskar eftir því að vöktunaráætlun taki mið af skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um lyf gegn laxalús, virkni, áhrif og notkun (HV 2019-56), sérstaklega m.t.t. mælinga á virkum efnum í vatnssúlu og botnseti og mögulegra áhrifa lyfjanoðkunar á rækju- og botndýrastofna Arnarfjarðar. Þó skal tekið fram að í ASC/MOM-C sýnatökum ársins 2019 var styrkur virku efnanna í Slice og Alphamax (emamectine benzoate og deltametrine) mældur í botnseti við hámarkslífmassa á Hringsdal og óskar stofnunin eftir því að slíkt verði gert framvegis á öllum eldisstaðsetningum rekstraraðila þar sem lúsalyf eru notuð. En einnig skal íhuga að mæla styrk efnanna í vatnssúlu þegar lyfjagjöf á sér stað. Einnig vekur stofnunin athygli á því að engin mælieining er á styrkmælingu efnanna í töflu 6 í vöktunarskýrslu 61656.02. Eftirlitsaðili óskar einnig eftir því vöktunaráætlunin verði uppfærð m.t.t. áhrifa eldisins á fugla- og dýralíf í firðinum.</p> <p>Stofnunin óskar eftir því að viðbragðsáætlun vegna grútarmengunar verði bætt við mengunarviðbragðsáætlanir rekstraraðila.</p> <p>Kvartanir bárust í vor vegna ólyktar sem barst frá athafnasvæði Arnarlax á Bíldudalshöfn, en þar var um að ræða lykt frá laxi sem var geymdur í körum á bryggjunni í nokkurn tíma áður en hann var hakkaður í meltutankana á landi. Mikil lykt gaus því upp þegar hökkunin fór fram. Skv. rekstraraðila var um mistök að ræða og hafa verkferlar verið endurskoðaðir svo ekki komi til slíks aftur. Auk þess er stefnt að fódurprömmum með meltutanka um borð við öll eldissvæði og dauðfiskurinn fari þá beint þangað en komi ekki í land.</p>
Annað:	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax Arnarfirði



Dags eftirlits	29.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Nikolas Tzamouranis	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er snýr að mælingum. Fjórar ábendingar eru gerðar er snúa að skráningum lyfjanotkunar, uppfærslu vöktunaráætlunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og meðhöndlun úrgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var í vettvangsferð þann 25. júní. sl. og farið út að kvíastæði Tjaldaness og Steinaness. Einnig var nýr meltutankur á svæði Arnarlax við Bíldudalshöfn skoðaður. Meltukerfið tekur við slógi úr sláturhúsi í lokuðu kerfi og afföllum af eldissvæðum þar sem ekki er meltutankur um borð í fóðurprömmum. Starfsleyfi vegna hans var gefið út af Heilbrigðisnefnd Vestfjarða.

Farið var yfir gögn og áætlanir á fjarfundi þann 29. júní.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslu, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
 - o Tillaga að starfsleyfi
- Skráningar
 - o Innra eftirlit sbr. gr. 4.1
- Áætlanir og tilkynningar
- Trygging v. bráðamengunar
- Gagnaskil sbr. gr. 4.3 og 4.4
- Vöktun
 - o Vöktunarskýrslur og mælingar
 - o Vöktunaráætlun
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Umgengni um mengandi efni
 - o Dauðfiskur /melta
 - o Annar úrgangur
- Samsetning kvía við Sandodda

Frávik frá

gr. 4.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Vöktunarmælingar skulu vera gerðar í samræmi við áætlun sem rekstraraðili leggur fram. Vöktunaráætlun kveður á um sjósýnatöku við vöktun við hámarkslífmassa en ekki voru tekin sjósýni við sýnatöku Hringsdal 2019.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að auk Slice, sem var notað gegn lúsum á árinu 2019, var Alphamax einnig notað. Ábending er gerð m.t.t. þess að magn Alphamax sé ekki tekið fram í ársyfirliti/grænu bókhaldi ársins 2019.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að vöktunaráætlun taki mið af skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um lyf gegn laxalús, virkni, áhrif og notkun (HV 2019-56), sjá nánar í gátlista eftirlits.

Eftirlitsaðili óskar einnig eftir því vöktunaráætlunin verði uppfærð m.t.t. áhrifa eldisins á fugla- og dýralíf í firðinum.

Stofnunin óskar eftir því að viðbragðsáætlun vegna grútarmengunar verði bætt við mengunarviðbragðsáætlanir rekstraraðila.

Stofnunin bendir einnig á að kvartanir vegna ólyktar frá athafnasvæði Arnarlax sem bárust í vor var hægt að rekja til mistaka í meðhöndlun dauðfisks. Fiskurinn hafði verið geymdur í körum á bryggjunni og var orðinn gamall og illa lyktandi þegar hann var hakkaður, sem olli mikilli lyktarmengun við hökkunina. Skv. rekstraraðila hefur brugðist við athugasemdum vegna þessa og verkferlar bættir. Auk þess stendur til að fóðurprammar við allar eldisstaðsetningar verði með meltutönkum um borð og framvegis verði því dauðfiskur hakkaður þar og komi ekki í land.

ANNAD

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur einnig kynntur.

08.09.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda Soffía Jónasdóttir